



## Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

### Fundarritun félagsfundar 5.4. 2006.

Félagsfundur MBS um tryggingarmál fór fram þann 5. apríl 2006.

Dagskráin var eftirfarandi: 1. Menn boðnir velkomnir í kaldan kvöldverð og á meðan snætt var fór fram kynning á tryggingarmálum í höndunum á sérfræðingum Vís.

2. Fyrirspurnir. 3. önnur mál.

Formaður ( KK) setti fundinn kl. 19:10 og bauð menn velkomna og bað Guðmund Pétursson ( GP) um að vera fundarstjóra en annaðist sjálfur fundargerð, þar sem ritari var fjarverandi.

KK lýsti yfir mikilli ánægju með að Vís hefði tekið að sér að fræða okkur um þennan flókna málaflokk og fyrir það værum við þakklátir, þá gat hann þess að Vís hefði boðið upp á veitingarnar sem á borðum voru, þá bað hann menn um að gera sér þær að góðu undir kynningu þeirra Vís manna.

GP tók síðan við fundarstjórn, þakkaði það traust sem sér hefði verið sýnt og bauð Gunnari Guðlaugssyni (GG) frá Vís í Keflavík orðið. GG að gat þess helsta sem þeir hefðu fram að færa og vildu þeir vanda vel til verksins og því hefði verið leitað til sérfr.sem komu frá RVK. Kynnti Gunnar síðan sérfræðinga sína sem væru : Friðrik Ólafsson verkfræðingur og Þorsteinn Þorsteinsson tjonamatsmaður með meiru og frá Keflavík Magnús Jónsson . Þá lét GG dreifa blöðum um lögboðnar starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra ( AP 28) og úrdrætti úr skipulags og byggingarlögum, 1997 nr. 73 28.mái 51,52 gr. og úrdrátt úr reglugerð nr 441/1998 33gr. um ábyrgðir byggingarstjóra og skyldur þeirra.

Þá tók Þorsteinn við og flutti athyglisverða kynningu um starfsábyrgðartryggingar og ítarleg dæmi um hversu nauðsynlegt væri að þessi mál væru í lagi, einnig flutti hann ýmsan annan fróðleik sem varðar rekstur og ábyrgðir byggingarstjóra og fl.

Þá svaraði hann mörgum athyglisverðum fyrirspurnum frá fundarmönnum, sem voru mjög áhugasamir og tóku virkan þátt í fundinum.

Næst flutti Friðrik gott erindi um vektakatryggingar og nefndi mjög margt þarft með skýrum dæmum og svaraði einnig mörgum fyrirspurnum fundarmanna og var sérstaklega góðu rómur gerður að erindi FÓ.

Í máli þeirra kom fram að víða er pottur brotinn og ítrekuðu þeir fyrir fundarmönnum að ef þeir væru byggingarstjórar að fara stíft eftir meistararéttindum vegna meistaraábyrgða og tryggja að allar teikningar og sér verklýsingar væru til staðar, áður en framkvæmdir hefjast, þeir væru framkvæmdarstjórar verksins og bæru mikla ábyrgð, sem í reynd gildi í 10 ár, nema að verkið yrði tekið út en þá gildi ábyrgð þeirra í 5 ár frá úttekt, því skyldi ávallt láta taka út vekið og ef menn hættu eða að verkið stoppaði, þá skyldu byggingarstjórar ávallt láta taka út það sem búið væri, þannig að þeir yrðu ekki gerðir ábyrgðir fyrir því sem aðrir létu framkvæma eftir það, ítrekuðu þeir nauðsyn þessa.

**Meistaraábyrgðin er samt á hendi fagmeistarans, en ef meistari væri ekki á vissum verkþáttum, þá bæru byggingarstjórarinn ábyrgðina.** Nefndu þeir mörg dæmi um málarekstur þessu til stuðnings. Væri byggt eftir teikningum, stöðlum og reglum væri ekki bótaábyrgð frá þeirra hendi, báðu þeir því byggingarstjóra um að fara eftir þessu.

**Þá komu fram athyglisverðar upplýsingar þess eðlis að hægt væri að láta byggingafyrirtækin vera í ábyrgð fyrir byggingastjórnun, þannig að einskaklingurinn þyrfti ekki einn að bera ábyrgðina.** Ábyrgðin væri það mikil að



## Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

einstaklingur gæti orðið gjaldþrota ef til mikilla bótakrafna kæmi og nefndu þeir mörg dæmi um alvarleg mistök á byggingum. Þeir ítrekuðu einnig að ekki væri hægt að tryggja eftir á og báðu menn um að fara með gát. Jafnframt útskýrðu þeir að margir útlendingar jafnvel Íslendingar sem hefðu dvalið meira en 6 mánuði erlendis, væru í reynd ekki tryggðir nema að óskað yrði eftir því sérstaklega.

(nema að um gagnkvæman samning væri að ræða við það land sem þeir hefðu verið í/eða væru ríkisborgarar í)

Fundarstjóri (GP) kynnti fyrir fundarmönnum tillögu sem formaður óskaði síðan eftir að yrði borin undir fundinn sem var gert og greiddu allir með henni atkvæði, einnig fulltrúar. Vís og enginn var á móti.

Tillagan er svo hljóðandi:

**„ MBS fundur með Vís 5.4.06 samþykkir að stofna til ráðstefnu um tryggingamál og ábygð verktaka og meistara á verkstað. Samstarfsaðilar verði MBS og Vís.“**

(Munnleg útskýring, leitað verður til aðila út í frá er málið varðar)

Fróðlegur og mjög góður fundur þar sem 25 manns sátu lauk formlega kl.21:30, en áhugi meistara var það mikill að fyrirlesarar urðu að vera eftir í langan tíma, eftir að fomlegum fundi lauk, það mikill var vakinn áhugi manna á ýmsum tryggingarmálum.

Fundarritun skráði Kristján Kristjánsson, formaður MBS.

Þar sem fundur þessi var það áhugaverður og menn mjög þakklátir, tók form. ákvörðun um að senda fundargerðina á alla félagsmenn, næst vonar form eftir því að minnst ¾ hl. félagsmanna mæti á þessar kynningar.